

Bekkur: 4. bekkur

Námsgrein: Lykilhæfni

Kennarar: Sandra Dögg Björnsdóttir og Íris Sveinbjörnsdóttir

Tímafjöldi: Samþættist öðrum námsgreinum



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Allt námsefni vetrarins, uppeldi til ábyrgðar, samstarf og samvinna, umræður og bekkjarfundir.

Lykilhæfni: Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Tjáning og miðlun	Að nemandi geti: - tjáð tilfinningar og hugmyndir þannig að þær séu skiljanlegar öðrum. - hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni. - rætt um áhugamál sín og skoðanir. - lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni. - nýtt ólíkar leiðir til miðlunar.	Samþætting	Símat
Skapandi og gagnrýnin hugsun	- spurt spurninga til að hefja rannsókn á fjölbreyttum fyrirbærum. - unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt. - lært af mistökum sínum. - útskýrt mál sitt með rökum. - skoðað gögn og upplýsingar og dregið eigin ályktanir. - bent á ólík sjónarhorn í fjölbreyttum viðfangsefnum.	Samþætting	Símat
Sjálfstæði og samvinna	- sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum. - unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi. - gert sér grein fyrir ólíkum hlutverkum í samstarfi. - tekið ákvarðanir um hvernig honum finnst best að læra. - tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.	Samþætting	Símat
Nýting miðla og upplýsinga	- skilið muninn á tilbúningi og raunveruleika. - gert greinarmun á skoðunum og staðreyndum. - haft rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta.	Samþætting	Símat
Ábyrgð og mat á eigin námi	- rætt um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar. - sett sér viðráðanleg markmið og glaðst þegar þeim er náð. - velt fyrir sér eigin námi og hvað hann langar að læra næst. - skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast. - áttað sig á ólíkum og fjölbreyttum störfum sem unnin eru í samfélaginu.	Samþætting	Símat

Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D